



Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík

Ársskýrsla 2015 - 2016
Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík (SFHR)

Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík | The Students Association of Reykjavík University
Háskólinn í Reykjavík | University of Reykjavík
Menntavegur 1, 101 Reykjavík
www.sfhr.is
studentafelag@studentafelag.is
Kt. 540305-0800

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Ávarp formanns	5
.....	5
Hlutverk SFHR	7
Stjórn SFHR starfsárið 2015-2016.....	8
Áherslur SFHR starfsárið 2015-2016.....	9
Framkvæmdastjórn SFHR 2015-2016	12
Ráð og nefndir.....	13
Framkvæmdastjórn HR.....	13
Háskólaráð	13
Námsráð	13
Byggingarfélag námsmanna (BN).....	14
Framkvæmdastjórn LÍS.....	14
Stjórn LÍN	15
Nefndir og félög starfsárið 2015-2016.....	16
Árshátíðarnefnd	16
Birta	16
Frumgreinanefnd	17
Góðgerðanefnd	17
Háskólablaðið Hróður.....	18
Jafnréttisfélag	18
Lagabreytinganefnd	19
Málfundafélag.....	19
Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd	19
Viðburðanefnd	20
Viðburðir	20
Stjórnarstefnumótun.....	20
Nýnemadagar að hausti	21
Nýnemaútilega.....	21
Ólympíuleikar.....	21
Fjölskyldudagur.....	22
Nýnemadagar að vori	22
Góðgerðavika.....	22
Árshátíð HR	22
Landsþing LÍS 2016	23
Samstarfssamningar	24
Íslandsbanki	24
Atlantsólía.....	24
Síminn & GOMobile.....	24
LÍN þjónustusamningur	25
Aðalskoðun	26
Annað samstarf	26
Nauthóll & Málið.....	26
Austur	26

Heimasíða	26
Samfélagsmiðlar	27
Nýtt nemendakerfi	27
Kosningar & kjörstjórn.....	27
Atlas.....	28
Markaðsráð.....	29
Mentes.....	29
Pragma.....	30
Tvíund	30
SFHR	31
Hróður	31

Inngangur

Ágæti lesandi,

Ný stjórn Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík var kosin í mars 2015. Nýja stjórn skipuðu Elísabet Erlendsdóttir, formaður, Erla Harðardóttir, varaformaður, Arnar Ingi Halldórsson, gjaldkeri og Fanney Hrund, upplýsingafulltrúi. Tinna Dögg Guðlaugsdóttir var ráðin í stöðu hagsmunafulltrúa eftir viðtöl.

Skýrsla þessi er skrifuð til að gera grein fyrir störfum stjórnarinnar fyrir starfsárið. Í skýrslunni er farið yfir helstu verkefni stjórnarinnar á tímabilinu. Athuga skal að skýrslan er ekki tæmandi listi yfir atburði liðins árs.

Fyrir hönd Stúdentafélagsins þakka ég kærlega fyrir samstarfið á árinu og óska bæði félaginu og nemendum öllum velferðar og áframhaldandi vexti í félags- og hagsmunamálum innan skólans.

Reykjavík 16. mars 2016

Elísabet Erlendsdóttir

Ávarp formanns



Kæri lesandi,

Þegar núverandi stjórn Stúdentafélagsins tók við í mars á síðasta ári vissum við í raun lítið um það út í hvað við værum að fara. Við þekktumst lítið innbyrðis en höfðum þó öll reynslu af félagsstörfum í HR. Það sem við áttum sameiginlegt var brennandi áhugi á hagsmunabaráttu stúdenta, en þó höfðum við mismikinn áhuga á mismunandi málefnum. Háskólinn í Reykjavík er ungt háskólasamfélag sem á sér bjarta framtíð og býður upp á mikla

möguleika. Það sem ég hef meðal annars komist að í minni stjórnartíð, og hefur gert starf mitt bærulegra, er hvað við erum ótrúlega heppin með stjórnendum í skólanum. Þessir stjórnendur eru alls engar risaeðlur heldur áhugasamir um þarfir nemenda, skoðanir og hagsmuni. Í samvinnu við nemendur vinna þeir að því að bæta gæði kennslu og bæta aðstöðu okkar til frambúðar.

Eitt helsta hagsmunamál HR-inga er bætt félagsaðstaða stúdenta og betra aðgengi að húsnæði fyrir nemendur í skólanum. Á þessu skólaári fór mikil orka í þessi verkefni og á næstu misserum hefjast framkvæmdir við Háskólagarða, en það eru stúdentaíbúðir sem eru eingöngu ætlaðar nemendum og starfsfólki HR. Þá hefur lengi verið eftirspurn eftir félagsaðstöðu stúdenta og síðastliðið haust skrifuðu HR og SFHR undir samning við Reykjavíkurborg um að hefja framkvæmdir á gömlum bröggum sem standa í Nauthólsvíkinni. Þessa bragga á að gera upp svo úr verði félagsaðstaða fyrir stúdenta í okkar nærumhverfi. Öll þessi verkefni eru unnin í góðu samstarfi við Stúdentafélagið, og stjórnin hefur haft gott svigrúm og tækifæri til að láta í sér heyra. Það væri nefnilega erfitt að vinna með fólki sem vildi ekki hlusta.

SFHR er næststærsta stúdentahreyfing landsins, en er mjög ung hreyfing, líkt og háskólinn sem hreyfingin tilheyrir. Engu að síður hef ég fulla trú á því að með ört stækkandi háskólasamfélagi og þar með stúdentahreyfingu, geti SFHR haft enn meiri áhrif. Til þess þarf öflugt innra starf og góða samvinnu á milli aðildarfélaga SFHR og annarra nefnda. Við í stjórninni töldum að það væri mikilvægt að auka einingu meðal allra sem koma að félagsstörfum og skapa þannig öflugt tengslanet. Við vildum manna allar grunnstoðir með kröftugu fólki, stofna mikilvæg félög og við vildum geta verðlaunað fyrir vel unnin störf. Sem dæmi má nefna að á vorönn samþykkti framkvæmdastjórn HR að veita þeim sem taka þátt í félagsstörfum einingar fyrir þá vinnu.

SFHR minnir mig oft á lítið barn sem er rétt að byrja að ganga og á margt eftir ólært. Allir árekstrar og áskoranir fara í reynslubankann. Stjórnir koma og fara, og nýir aðilar taka við keflinu. Það sem koma skal eru stúdentabraggar, Háskólagarðar, aukin gæði kennslu og enn meiri tengsl við atvinnulífið. Svo stöndum við alltaf vörð um okkar hagsmuni í baráttunni við LÍN. Upplýsingaflæði til nemenda er lykilatriði en það er mikilvægt að muna að flæði eru dyr sem opnast í báðar áttir. Kæru lesandi, ég hvet þig til að fylgjast með og taka þátt í starfi SFHR, enda er félagið vaxandi afl í stúdentapólitíkinni.


Hlutverk SFHR

Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík (SFHR) er hagsmunafélag stúdenta við Háskólann í Reykjavík. Félaginu ber að standa vörð um hagsmuni félagsmanna sinna, auka samheldni milli deilda og stuðla að akademískri umræðu meðal félagsmanna. Allir stúdentar Háskólans í Reykjavík eru meðlimir í SFHR og eru félagsgjöld engin. Stjórn SFHR er skipuð þremur til fimm aðilum sem sitja eitt ár í senn. Kosningar fara fram í mars á ári hverju. Starfsemi félagsins gengur að miklu leyti út á að veita skólanum aðhald og ráðgjöf hvað varðar gæði kennslu, aðstöðu nemanda til náms sem og annarra tilfallandi verkefna. Stjórn félagsins er í mjög góðu sambandi við stjórnendur skólans og hafa þau SFHR oft með í ráðum þegar stórar ákvarðanir eru teknar.


Hver deild við Háskólann í Reykjavík hefur sitt hagsmunafélag, að frumgreinadeild undanskildri. Formaður hvers hagsmunafélags situr í framkvæmdastjórn SFHR og hefur þannig áhrif á stefnu og verkefni SFHR. SFHR er með skrifstofu í húsnæði Háskólans í Reykjavík. Skrifstofan er staðsett á annrri hæð hússins, nr. M205.

Félagið heldur úti heimasíðunni www.sfhr.is og hægt er að hafa beint samband við stjórn félagsins í gegnum netfangið studentafelag@studentafelag.is. Þá heldur félagið úti Facebook like-síðu fyrir félagið undir nafninu Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík og tístar á Twitter undir [@studentafelagRU](https://twitter.com/studentafelagRU).

Stjórn SFHR starfsárið 2015-2016

<p>Formaður Elísabet Erlendsdóttir Netfang: elisabete13@ru.is Sími: 849-7376</p>	
---	---

<p>Varaformaður Erla Harðardóttir Netfang: erla13@ru.is 662-6644</p>	
---	---

<p>Gjaldkeri Arnar Ingi Halldórsson Netfang: arnarh12@ru.is Sími: 869-0605</p>	
---	--

<p>Hagsmunafulltrúi Tinna Dögg Guðlaugsdóttir Netfang: tinnag07@ru.is Sími: 869-5000</p>	
---	---

<p>Upplýsingafulltrúi Faney Hrund Jónasdóttir Netfang: faneyhrund@gmail.com Sími: 844-0766</p>	
---	---

Áherslur SFHR starfsárið 2015-2016

Helsta markmið stjórnar SFHR fyrir starfsárið 2015-2016 var að auka sýnileika félagsins gagnvart nemendum, kennurum og stjórnendum Háskólans í Reykjavík. Einnig vildi stjórnin auka sýnileika félagsins út fyrir vegg HR, þ.e. gagnvart öðrum skólum, öðrum stúdentahreyfingum, verðandi nemendum HR fjölmiðlum og hinu opinbera. Til að ná þessu markmiði vildi stjórnin vera aðgengileg stúdentum í skólanum sem og stjórnemendafélaga HR. Stjórnin vildi vera virk á samfélagsmiðlum á borð við Facebook og Twitter en hún setti sér einnig markmið um að opna nýja heimasíðu.

Þá ákvað stjórnin að gera sitt besta í að auka samheldni milli stjórna nemendafélaga, nefnda og annarra félaga. Fannst stjórninni mikilvægt að þeir stúdentar sem sinna einhverskonar félagsstörfum í þágu nemandanna fá tækifæri til að hafa gott aðgengi að hvert öðru sem og mynda gott tengslanet. Til að ná þessu markmiði var Facebook-hópurinn Stjórnir HR 2015-2016 stofnaður þar sem allir stúdentar við HR sem sinntu einhverskonar félagsstörfum voru meðlimir. Í þessum hópi grundvöllur fyrir nemendafélög og nefndir til að miðla ábendingum og skilaboðum til annarra stúdenta í félagsstörfum. Þá bjó stjórnin til sameiginlegt dagatal á google drive en þar inn gátu nemendafélög og nefndir sett sína viðburði. Með þessu móti var hægt að auka gagnsæi milli nemendafélaga sem og draga úr árekstrum með viðburði.

Annars ákvað stjórnin að halda áfram með farsælar undirfélög og –nefndir. SFHR setti sér markmið um að vera þessum félögum og nefndum innan handar, efla þau og aðstoða eftir bestu getu. Félög sem hafa sótt í sig veðrið síðustu skólaár eru Góðgerðanefndin, Málfundafélagið og Birta, félag nema í HR um sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð og bindur stjórnin miklar vonir við þessu öflugum félögum. Einnig setti stjórnin sér markmið um að stofna Jafnréttisfélag stúdenta í HR en ekkert slíkt félag hafði verið starfað við skólann áður. Þá ákvað stjórnin að stofna viðburðanefnd SFHR til að aðstoða sig við skipulagningu á viðburðum. Þá var orðið tímabært að endurskoða lög SFHR svo ákveðið var að stofna lagabreytinganefnd SFHR.

Stjórn SFHR 2014-2015 náði góðum árangri í að bæta kjör þeirra stúdenta sem sinna félagsstörfum í þágu stúdenta í HR og vildi stjórnin taka þá vinnu áfram. Á vormisserum

2015 samþykkti framkvæmdastjórn HR að fella niður skólagjöld fyrir stjórn SFHR. Allir stjórnarmeðlimir fengu skólagjöld eina önn felld niður, nema formaður sem fékk skólagjöld tvær annir felld niður. SFHR tók þessum breytingum fagnandi og þykir mikið gleðiefni en að vera í stjórn SFHR er gríðarlega mikil vinna. Annars vegar er þetta fyrirkomulag góð viðurkenning á mikilvægi starfseminnar sem og hvetjandi fyrir stjórnarmeðlimi til að sinna vinnu sinni enn betur.

Þá beitti stjórnin því fyrir sér að stjórnendur skólans gæfu þeim stúdentum sem sinnt hafa vinnu í félagsstörfum einhvers konar formlegri viðurkenningu en almennt tíðkast. Besta lendingin þótti að fá einingar fyrir vinnu í félagsstörfum. Á framkvæmdastjórnarfundi HR á vormisserum 2016 fékkst samþykki fyrir því. Er þetta fyrirkomulag háð samþykki námsráðs en SFHR þarf að skila inn til námsráðs fyrstu drögum að fyrirkomulagi. Munu þessar einingar vera til viðbótar við þær einingar sem fást fyrir námskeið og mest hægt að fá 3 einingar á sínum námsferli. Útfærsla er enn óákveðin en er þetta mikil framför fyrir stúdenta sem hafa sinna félagsstörfum.

Gæðamál kennslu er mikið hagsmunamál allra stúdenta og vildi stjórn SFHR taka virkan þátt í að efla gæði kennslu enn frekar. Til að geta bætt gæði kennslu þarf með einhverju móti að meta gæði kennslu og á vormisserum 2015 kynntu námsráð og kennslusvið fyrir stjórn SFHR, aðildarfélagum og öllum áhugasömum sértæka mælikvarða á gæðum kennslu í HR. Vinnan á gæðastöðlunum hafði staðið yfir í um þrjú ár, enda gríðarlega flókið ferli, og sá SFHR um aðkomu stúdenta. Allir áhugasamir stúdentar voru boðnir á tvo fundi sem hluti af rýnihóp fyrir mælikvarðana. Á vormisserum 2015 var skipaður verkefnastjórnarhópur sem heldur vinnunni áfram en m.a. á að þróa nýtt kennslumat. Ljóst er að þessi metnaðarfulla vinna mun skila miklu til nemenda HR hvað varðar gæði námsins í skólanum.

Það sem er helst ábótavant hvað varðar aðstöðu nemenda í HR er aðgengileg félagsaðstaða sem og stúdentaíbúðir. Vildi stjórn SFHR beita sér í þessum málum og á vormisserum 2015 fékk stjórnin fregnir af hugmynd um HR að gera upp gamla bragga í Nauthólsvík, síðan í seinni heimstyrjöld, og breyta í félagsaðstöðu fyrir stúdenta. SFHR tók verkefninu fagnandi og fann nemendur í stýrihóp fyrir verkefnið. Þá hafði verið lengi á teikniborðinu hjá HR að byggja stúdentaíbúðir fyrir stúdenta og starfsfólk í HR. Tók stjórnin virkan þátt í verkefninu

en Elísabet Erlendsdóttir, formaður, og Erla Harðardóttir, varaformaður, sátu í stýrihóp fyrir verkefnið sem ber yfirskriftina Háskólagarðar.

Þá var ákveðið að halda áfram þeirri stefnu að fulltrúar Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík í framkvæmdastjórn LÍS væru leiðandi afl í starfi Landssamtaka íslenskra stúdenta (LÍS). Stjórnin lagði áherslu á góð samskipti við LÍS sem og önnur aðildarfélög. Einnig tók SFHR að sér að skipuleggja Landsþing LÍS 2016 en er það eitt stærsta verkefni sem SFHR hefur tekið að sér frá upphafi.

Stjórn SFHR setti sér markmið um að vera vel meðvituð um starfsemi stjórnar LÍN enda er eitt mikilvægasta hagsmunamál allra stúdenta að hafa aðgengi að sanngjörnum lánasjóði. Áhersla var lögð á góð samskipti við fulltrúa SFHR í stjórn LÍN til að öðlast betri skilning á starfsemi LÍN. Einnig var ákveðið að semja við LÍN um að koma á samstarfi með þjónustusamning en er það í fyrsta sinn sem SFHR skrifar undir slíkan samning við LÍN.

Til að efla samstarf við aðra skóla fór stjórnin á Landsþing LÍS á Laugarvatni í mars 2015 en Stúdentaráð Háskóla Íslands (SHÍ) sá um skipulagningu. Í kjölfarið tókst vel að koma á samstarfi við aðrar stúdentahreyfingar, t.d. með SHÍ og Októberfest.

Þá vildi stjórnin gera þeim aðilum sem sjá um málefni ungs fólks á Íslandi grein fyrir því að SFHR sé reiðubúið til þess að taka meiri þátt í því uppbyggilega starfi sem tengist stúdentum. Vildi stjórnin að rödd stúdenta við Háskólann í Reykjavík heyrðist hærra en áður.

Að lokum þótti mikilvægt að bæta fjárhag félagsins vegna taps á síðasta rekstrarári. Góður fjárhagur félagsins er grunnforsenda fyrir því að hægt sé að auka umsvif þess, á öllum sviðum í hagsmunamálum stúdenta. Stjórnin náði að semja við nýja samstarfsaðila en þar má nefna Símann, Íslandsbanka og Aðalskoðun. Þá vildi stjórnin einnig tryggja fjárhagslega stöðu félagsins með auknum afskiptum af árshátíð HR en hún hefur alltaf verið rekin með tapi sem SFHR og nemendafélög hafa skipt sín á milli. Tap af árshátíðinni í ár var nær helmingað frá því í fyrra sem má teljast góður árangur en þó er enn svigrúm fyrir bætingar. Stjórnin telur góðum árangri hafa náðst í þessu stefnumáli og vísar stjórnin í ársreikninga félagsins.

Framkvæmdastjórn SFHR 2015-2016

Framkvæmdastjórn SFHR, starfsárið 2015-2016, skipuðu eftirfarandi aðilar:

- Elísabet Erlendsdóttir, formaður SFHR,
- Erla Harðardóttir, varaformaður SFHR,
- Arnar Ingi Halldórsson, gjaldkeri SFHR,
- Fanney Hrund Jónasdóttir, upplýsingafulltrúi SFHR,
- Tinna Dögg Guðlaugsdóttir, hagsmunafulltrúi SFHR,
- Davíð Sævarsson, formaður Atlas,
- Erna Sigurðardóttir, formaður Lögréttu,
- Anton Reynir Hafdísarson, formaður Markaðsráðs,
- Indíana Rós Ægisdóttir, formaður Mentis,
- Rebekka Rún Jóhannesdóttir, formaður Pragma,
- Skúli Þór Árnason, formaður Tvíundar.

Framkvæmdastjórn SFHR var með skipulagðan fundartíma á mánudögum kl 16:45 á mánudögum (haustönn) og þriðjudögum kl 12:00 (vorönn) í hverri viku. Ef ekkert sérstakt var á dagskrá féllu fundirnir niður þá vikuna. Á þessum fundum voru rædd þau málefni sem eiga við alla nemendur skólans, þau verkefni á vegum SFHR sem stjórnin vildi vekja athygli á, sameiginlegir viðburðir á vegum nemendafélaganna ásamt fleiru tilfallandi sem varðaði allar deildir skólans. Meðal þessa sameiginlegu viðburða sem framkvæmdastjórnin ræddi og skipulagði voru Ólympíleikar HR, Fjölskyldudagur HR og Háskóladagurinn. Fyrir framkvæmdastjórn voru lögð verkefni til samþykktar sem og umsagnar, en t.d. þjónustusamningur LÍN og SFHR og þá var framkvæmdastjórnin boðuð á gæðakynningafundi með námsráði á vormisseri. Einnig aðstoðaði framkvæmdastjórnin námsráð í að vega og meta hvernig best sé að mæla gæði kennslu.

Ráð og nefndir

Framkvæmdastjórn HR

Framkvæmdastjórn HR skipa rektor, fulltrúi rannsóknarráðs, forsetar deilda, framkvæmdastjóri upplýsingatækni, framkvæmdastjóri tengsla, framkvæmdastjóri rekstrar, framkvæmdastjóri gæða, mannauðsstjóri og fulltrúi frá kennsluráði. Þá situr formaður SFHR í framkvæmdastjórn sem fulltrúi nemanda. Á borð framkvæmdastjórnar koma öll mikilvægustu málefni sem varða háskólann. Svo tekin séu dæmi þá má nefna að ef á að ráðast í breytingar á húsnæðinu, opna nýja verslun í skólanum eða veita einingar fyrir nemendafélagsvinnu – þá eru þessi atriði borin til samþykktar fyrir framkvæmdastjórn. Elísabet Erlendsdóttir, formaður, sat í framkvæmdastjórninni fyrir starfsárið sem er að líða.

Háskólaráð

Í háskólaráði sitja 10 fulltrúar atvinnulífs, akademíu og stjórnarsýslu. Háskólaráð er vettvangur umræðna um stefnumótun háskólans um nám, kennslu og rannsóknir, sem og um tengsl háskólans og atvinnulífsins. Formaður SFHR hefur áheyrnasæti í háskólaráði. Elísabet Erlendsdóttir, formaður SFHR, sat í ráðinu fyrir starfsárið sem er að líða. Í ráðinu var m.a. rætt um stefnu og markmið HR ásamt þörfum atvinnulífs og samfélags fyrir menntun.

Námsráð

Erla Harðardóttir, varaformaður, sat fyrir hönd SFHR í námsráði. Meðal þess sem námsráð gerði á tímabilinu var að fara ítarlega yfir náms- og námsmatsreglur Háskólans í Reykjavík. Sumar hverjar reglurnar voru orðnar úreltar eða illa orðaðar og því þurfti að leggjast vel yfir þær. Námsráð skilaði af sér *Almennum reglum um nám og námsmat* sem voru samþykktar á árinu. Annað stórt verkefni sem námsráðsliðar réðust í voru mælikvarðar á gæði í kennslu og almenn gæðamál. Allir meðlimir Stúdentafélagsins ásamt hluta úr framkvæmdastjórn SFHR tóku þátt í að hjálpa námsráði í að vega og meta hvernig best er að mæla gæði í kennslu á vinnufundi á haustönn. Á fundinum var unnin mikilvæg vinna sem námsráð tók saman og skín vonandi í gegn í næstu gæðaúttekt á Háskólanum í Reykjavík.

Nýjar námsbrautir sem voru samþykktar á árinu voru til dæmis námspraut til diplómaprófs á grunnstigi í Haftengdri nýsköpun og námsbraut til BSc-prófs í hagfræði.

Auk þess komu oft fyrirspurnir frá kennurum og nemendum við skólann á borð námsráðs sem var allt meðhöndlað á fagmannlegan hátt af námsráðsliðum. Vinnan sem nefndin vinnur er mjög mikilvæg og er gríðarlegt mark tekið á inntaki nemendans sem situr í ráðinu.

Byggingarfélag námsmanna (BN)

Stúdentafélag Háskólans í Reykjavík er aðildarfélag að Byggingarfélagi námsmanna (BN). Samkvæmt lögum BN eru hin aðildarfélögin þrjú Menntavísindasvið Háskóla Íslands, Listaháskóli Íslands og Tækniskólinn. Byggingarfélag námsmanna er félag sem heldur utan um útleigu og viðhald á stúdentaíbúðum í eigu félagsins. Aðalmaður SFHR í stjórn BN árið 2015 - 2016 var Andri Sigurðsson og varamaður var Fanney Hrund Jónasdóttir, upplýsingafulltrúi SFHR.

Framkvæmdastjórn LÍS

SFHR á tvo fulltrúa í framkvæmdastjórn sem eru þau Árni Þórólfur Árnason og Tinna Dögg Guðlaugsdóttir. Elísabet Erlendsdóttir, formaður SFHR, er varamaður. Þá kom Davíð Erik Mollberg inn í framkvæmdastjórn sem varamaður en sinnti stöðu aðalfulltrúa þar sem Árni Þórólfur var erlendis.

Það má með sanni segja að LÍS hafi tekið til hendinni á síðasta starfsári. Félagið er ungt að árum og því er margt sem þarf að gera til að koma því á koppinn. Haldin voru tvenn vinnuþing, að sumar og hausti, yfir heila helgi. Sumarþingið var haldið í Reykjavík, daganna 26.-28. júní, og lagði Háskólinn í Reykjavík til aðstöðu fyrir þingið. Haustþingið var haldið á Hvanneyri, daganna 18.-20. september sl., og sá Landbúnaðarháskóli Íslands um skipulagninu þess. Þá verður Landsþing LÍS haldið á Bifröst, daganna 18.-20. mars nk. en SFHR sér um skipulagninu þess.

Í ávarpi formanns LÍS, Nönnu Elísu Jakobsdóttur, í ársskýrslu samtakanna segir framkvæmdastjórnin hafi lagt mikið upp úr því að styrkja innviði samtakanna með því að

semja ítarlegar verklagsreglur varðandi starf samtakanna. Farið var í allsherjar endurskoðun á lögum samtakanna og er afraksturinn frumvarp til lagabreytinga, sem tekin verður fyrir á Landsþinginu. Þá var lögð mikil vinna í stefnumótum sem fram fór á vinnuþingum félagsins, sem og á Landsþinginu. Kynningarmál voru tekin í gegn með það markmið að leiðarljósi vera sýnilegri en ný heimasíða var sett í loftið auk þess sem samtökin eru virk á samfélagsmiðlunum, Facebook og Twitter. LÍS leggur mikið upp úr samstarfi við hina ýmsu hagnunaðila innan menntageirans og hafa átt gott samstarf við Rannís, sem hefur lagt samtökunum til aðstöðu til fundahalda, og Bandalag háskólamanna, sem hafa boðið fram skrifstofuhúsnæði fyrir samtökin. Samtökin létu einnig til sín taka á erlendri grundu með því að auka og skapa þekkingargrundvöll innan alþjóðanefndar LÍS til að vera enn betur í stakk búin til að hafa áhrif á menntamál í Evrópu. Samtökin sótt um aðild að European Student Union, en það eru regnhlífasamtök landssamtaka stúdenta í Evrópu, og var hún samþykkt. Gæðamál eru samtökunum mikið hugarefni en LÍS tók virkan þátt í því að leggja mat á það hvernig tókst til í fyrstu umferð rammaáætlunar Gæðaráðs íslenskra háskóla, sem framkvæmd var á árunum 2010-2015, og í kjölfarið var tekin sú ákvörðun að skipta fulltrúa í Gæðaráðið.

Heimasíða samtakanna er www.haskolanemar.is.

Stjórn LÍN

Formaður, varaformaður, fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis, fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneyti og fulltrúar námsmannahreyfinganna SÍNE, SHÍ, BÍSN OG SÍF skipa stjórn LÍN til 2017. Mennta- og menningarmálaráðherra skipar formann og varaformann stjórnar og einn fulltrúa ráðuneytisins. Þá skipar fjármála- og efnahagsráðuneytið einn fulltrúa. Halldór H. Gröndal situr í stjórninni fyrir hönd BÍSN þar sem SFHR á aðild. Halldór er með meistaragráðu í lögfræði frá Háskólanum í Reykjavík, hann gegndi starfi gjaldkera Lögréttu, félag laganema í HR, skólaárið 2012-2013 og sat einnig í stjórn Stúdentafélags Háskólans í Reykjavík sem hagsmunafulltrúi SFHR stjórnartímabilið 2013-2014. Halldór reyndist stjórninni gríðarlega vel þegar kom að starfsemi LÍN. Hann er þægilegur í samskiptum, áreiðanlegur og ber hagsmuni stúdenta við Háskólann í Reykjavík ætíð fyrir brjósti. Stjórnin skilar til hans þúsund þökkum fyrir vinnu sína í þágu stúdenta við Háskólann í Reykjavík.

Á haustönn skipaði mennta- og menningarmálaráðuneyti nefnd sem hefur það hlutverk að endurskoða lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Voru öll þau félög sem eiga sæti í stjórn LÍN boðuð til fundar og gefinn kostur á að skila inn umsögn um komandi frumvarp.

Umsögninni var skilað til nefndarinnar 11. desember 2015 og hana má finna á www.sfhr.is.

Nefndir og félög starfsárið 2015-2016

Árshátíðarnefnd

Árshátíðarnefndina skipuðu eftirfarandi aðilar:

- Erla Harðardóttir, varaformaður SFHR
- Bryndís Björnsdóttir, formaður árshátíðarnefndar
- Viðar Pétur Styrkársson
- Anný Tinna Aubertsdóttir
- Guðríður Bjartey Ófeigsdóttir
- Viktor Þór Grönfeldt Steinþórsson
- Esther Friðriksdóttir
- Alex Kári Ívarsson

Stöður í árshátíðarnefnd voru auglýstar í byrjun haustannar og fullskipuð nefnd hittist fyrst í september 2015. Skipulagning hófst samstundis en eftir áramót tók við talsverð meiri vinna. Nefndin skipulagði árshátíðina í samstarfi við viðburðarfyrirtækið Paxal, frekari upplýsingar um samstarfið og skipulag árshátíðarinnar má finna í árshátíðarskýrslu nefndarinnar.

Birta

Birta er félag nema í HR um samfélagslega ábyrgð og sjálfbærni. Birta var stofnuð árið 2015 með það markmið að vera ópólitískur umræðuvettvangur um þáttöku nemenda í samfélagslegri ábyrgð og sjálfbærni. Birta stóð fyrir ýmsum skemtilegum og fræðandi viðburðum á árinu s.s. samgönguviku og málþingi í samstarfi við Unga umhverfissinna.

Stjórnarmeðlimir Birtu fyrir skólaárið 2015-2016 eru:

- Daníel Agnarsson

- Guðlaugur Garðar Eypórsson
- Ragna Einarsdóttir

Frumgreinanefnd

Í ljósi þess að nemendafélag tæknifræði, iðnfræði og frumgreinadeildar, Technis, var lagt niður á síðasta skólaári var ákveðið að stofna frumgreinanefnd. Ákveðið var að stofna ekki nýtt nemendafélag fyrir nemendur í frumgreinanámi vegna þess að með nýju grunnskipulagi frumgreinanámsins væri erfitt fyrir frumgreinadeildina að halda nemendafélag. Til dæmis væri það erfitt vegna þess að þar sem námið er eingöngu eitt skólár í senn að þá er ekki hægt að kjósa í stjórn nemendafélags komandi árs. Kosningar fara fram í mars á hverju ári, mögulegir frambjóðendur kæmu ekki í skólann fyrr en líður að hausti og þeir nemendur sem eru í náminu koma til með að útskrifast um vorið (skv. nýja grunnskipulaginu).

Á þessu skólaári ríkti ákveðið millibilsástand meðan þeir nemendur sem byrjuðu í frumgreinanáminu, áður en nýja grunnskipulagið var tekið í gagn, eru að útskrifast. Næsta haust koma námsmenn inn í frumgreinanámið, sem er þá einungis eitt ár, og gert er ráð fyrir því að þau skrái sig í það nemendafélag sem þeirra námsbraut snýr að.

Til að koma til móts við nemendur í frumgreinanámi í ár stofnuðum stjórnin nefnd í haust sem fékk vilyrði Stúdentafélagsins til að standa fyrir viðburðum.

Í nefndinni sátu Vilhjálmur Ragnar Eypórsson og Erna Hödd Pálmadóttir.

Góðgerðanefnd

Auglýst var eftir umsóknum í stöður Góðgerðanefndarinnar í byrjun haustannar. Allir umsækjendur voru teknir í viðtal og var nefndin sett saman eftir þeim. Góðgerðarnefndin var ábyrg fyrir góðgerðarvikunni sem haldin var í febrúar. Góðgerðanefndin stóð fyrir viðburðum í sólinni, kökusölu, góðgerðabingói, góðgerðaspinning og fræðslufundum – allt til styrktar vakningarátaki sem kallast #útmeða. Átakið er á vegum Geðhjálp og hjálparsíma Rauða Krossins, 1717.

Í Góðgerðanefnd 2015 - 2016 sátu eftirfarandi:

- Steinunn Marta Friðriksdóttir, formaður
- Þórunn Andrésdóttir
- Melissa Spork
- Sara Rakel Kristinsdóttir
- Janus Þór Kristjansson

Háskólablaðið Hróður

Háskólablaðið Hróður kom út þann 18. febrúar við hátíðlega athöfn í Sólinni. Háskólablaðið Hróður er eina málgagn nemenda við Háskólann í Reykjavík og því er lögð rík áhersla á að rödd nemenda sé í hávegi höfð. Ritstjórn á hrós skilið fyrir vel unnið og metnaðarfullt blað.

Ritstjórn Hróðurs árið 2015 - 2016 skipuðu:

- Bjarki Þór Grönfeldt, ritstjóri
- Harpa Tanja Unnsteinsdóttir, listrænn stjórnandi
- Katrín Mjöll Halldórsdóttir, markaðsstjóri
- Kristín Sólveig Kormáksdóttir, auglýsingastjóri
- Ísak Pálmason, fjármálastjóri

Jafnréttisfélag

Á þessu skólaári var stofnað jafnréttisfélag SFHR. Ekkert álíka félag hefur starfað innan skólans og er orðið löngu tímabært að stofna slíkt félag. Jafnréttisfélagið boðar jöfnuð fyrir alla, óháð kyni, kynhneigð, uppruna, heilbrigði eða trú. Félagið var formlega stofnað 5. október 2015 en sama dag byrjuðu Jafnréttisdagar háskólanna. Fyrsta verkefni félagsins var að skipuleggja röð viðburða fyrir Jafnréttisdagana út vikuna en HR tók þátt í dögnum í fyrsta skipti.

Í stjórn Jafnréttisfélags SFHR skóla árið 2015 - 2016 sitja:

- Maríanna Ósk Hölludóttir
- Kristinn Þorri Þrastarson
- Helgi Bergmann

- Sandra Heimisdóttir
- Carmen González de Peláez

Lagabreytinganefnd

Í 36. gr. laga SFHR segir að stjórn skuli skipta lagabreytinganefnd til að sjá um endurskoðun á lögum félagsins. Skal það gert fyrir aðalfund ár hvert. Í apríl 2015 tóku sæti í nefndinni, Birgitta Saga Jónsdóttir, Erna Leifsdóttir og Tinna Dögg Guðlaugsdóttir. Starfar nefndin náið með stjórn SFHR. Í lok febrúar sl. var lagabreytingafrumvarpið tilbúið og því skilað inn til stjórnar félagsins. Engar efnislega breytingar voru gerðar á lögnum, heldur var meira farið í að laga orðalag og gera lögina skýrari fyrir félagsmenn. Þá var gerð tillaga um að bæta við nýrri lagagrein er varðar framkvæmd Háskólablaðsins. Lög félagsins eru aðgengileg á heimasíðu SFHR, www.sfhr.is

Málfundafélag

Málfundafélag SFHR stóð á árinu fyrir fjölbreyttum málfundum. Eygló Harðardóttir ráðherra og Katrín Oddsdóttir mannréttindalögmaður voru mælendur á málfundi um málefni flóttamanna. Málfundurinn var mjög vel sóttur en áætla má að um 70 manns hafi mætt. Finnur Bogi, vörustjóri húsnæðislána hjá ÍSB, kom og fræddi viðstadda um fasteignarmarkaðinn en rúmlega 100 manns sóttu fundinn. Augljóst er að málfundafélagið kemur til með að eflast og auka umsvif sín enn frekar. Þá var skipulagður málfundur þann 18.mars í samstarfi við VÍB um algengustu mistök fjárfesta.

Í stjórn Málfundafélags SFHR árið 2015 - 2016 sitja:

- Erna Leifsdóttir
- Tryggvi Jarl Sveinsson
- Sigurjón Arnórsson
- Íris Gunnarsdóttir

Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd

Nýsköpunar- & frumkvöðlanefnd SHFR var sett á laggirnar í samstarfi við Icelandic Startups frumkvöðlasetur (áður Klak Innovit) haustið 2015. Markmið nefndarinnar er að hvetja til nýsköpunar- og frumkvöðlahugsunar hjá nemendum skólans og opna augu þeirra fyrir þeim tækifærum sem felast í því að fara út í eigin rekstur að námi loknu. Nefndin starfar náið með Icelandic Startups í gegnum fjölbreytt verkefni á þeirra vegum.

Í Nýsköpunar- og frumkvöðlanefnd árið 2015 - 2016 sitja :

- Gunnar Torfi Steinarsson,
- Ástgeir Ólafsson,
- Sigurjón Arnórsson
- Benjamín Björn Hinriksson.

Sini Koskenseppä sat áður í nefndinni en lét nýverið af störfum.

Viðburðanefnd

Viðburðarnefnd var stofnuð í byrjun skólaárs og var hennar helsta hlutverk að hjálpa til við skipulagningu ýmissa viðburða á vegum Stúdentafélagsins, t.d. Fjölskyldudaginn og Landsþingi LÍS. Ásamt því var nefndin okkur innan handar á viðburðunum sjálfum sem og tilfallandi verkefnum.

Í viðburðanefnd skólaárið 2015 - 2016 sátu:

- Aron Wei Quan
- Sigurjón Arnórsson

Viðburðir

Stjórnarstefnumótun

Þrjár stjórnarstefnumótanir voru haldnar á starfsárinu sem er að líða. Í stjórnarstefnumótun er stjórnunemendafélaga boðið að gera sér glaðan dag en tilgangurinn með slíkum viðburð er að hrista saman hópana og hvetja til samstarfs milli deilda.

Sú fyrsta var haldin 2. maí 2015 í sal Brokeyjar. Þar var öllum nýkjörnum stjórnemendafélaganna boðið til veislu þar sem farið var í létt hópefli og nemendur hvattir til að kynnast hver öðrum. Næsta stefnumótun var haldin 5. september í húsakynnum GOmobile. Sú ákvörðun var tekin að ekki einungis stjórnemendafélaganna væri boðið heldur einnig öllum þeim nefndum og ráðum sem starfa með nemendafélögunum og á vegum SFHR. Einnig var ristjórn Háskólablaðsins Hróðurs boðið að koma. Stjórninni fannst ósanngjarnt að skilja ákveðinn hluta þeirra nemenda sem sinna félagsstörfum útundan. Síðasta stjórnarstefnumótunin var haldin 16. janúar, einnig í húsakynnum GOmobile. Hún var haldin til að þakka öllum þeim sem starfað höfðu í stjórnemendum, nefndum, ráðum og félögum í HR fyrir góð störf.

Nýnemadagar að hausti

Nýnemadagar að hausti voru haldnir 13 - 14 ágúst. Þann 13. ágúst var haldin sér kynning fyrir skiptinema. Kynningin var haldin á ensku og tók SFHR að sér að kynna sig, aðildarfélög og félagslíf skólans stuttlega. Þann 14. ágúst voru svo almennar kynningar fyrir deildir skólans. SFHR heimsótti allar deildir og greindi stuttlega frá hlutverki sínu ásamt því að dreifa bæði bæklingum með helstu upplýsingum og eintaki af háskólablaðinu Hróðri.

Nýnemaútilega

Nýnemaútilega HR var haldin 14. - 15. ágúst. Skemmtanastjórar nemendafélaganna sáu um skipulagningu líkt og síðastliðin ár. Útilegan var haldin í Galtalæk og var vel sótt þrátt fyrir að útlit hafi verið fyrir slæmt veður. Nemendur gátu keypt sig inn á svæðið og innifalið í miðanum var hamborgari, drykkir, pláss á tjaldsvæðinu og ball með Stuðlabandinu og Pink & purple.

Ólympíuleikar

Ólympíuleikar HR voru haldnir 23. - 25. september. Keppt var í 15 keppnisgreinum og að kvöldi 25. september var lokahóf Ólympíuleikanna í veislusal Sprettis, þ.e. sameiginlegt party fyrir öll nemendafélögin. Tvíund bar sigur úr bitum en Atlas hreppti annað sæti og Pragma

var í því þriðja. Einn aðili frá hverju nemendafélagi skipaði Ólympíuleikanefnd og var Rebekka Rún Jóhannesdóttir formaður hennar.

Fjölskyldudagur

Fjölskyldudagur SFHR var haldinn laugardaginn 17. október. Áætlað er að um 60 manns hafi mætt. Hvert nemendafélag var með stöð þar sem krökkum var boðið að prófa ýmislegt skemmtilegt sem tengdist hverri deild fyrir sig. SFHR bauð einnig upp á pylsur, andlitsmálningu og Sirkus Íslands var með skemmtiatriði. Dagurinn heppnaðist mjög vel og virtust gestir skemmta sér vel.

Nýnemadagar að vori

Nýnemadagar að vori voru haldnir 7. - 8. janúar 2016. Kennslusvið kynnti til leiks nýtt fyrirkomulag fyrir nýnemadagana og var það prufukeyrt þessa vorönn, enda mun minni hópur sem kemur í skólann m.v. haustið. Í stað þess að nemendur sitji heilan dag og hlusti á fyrirlestra frá öllum stoðsviðum skólans (skrifstofa deildar, kennslusvið, náms- og starfsráðgjöf..) var þeim skipt í hópa eftir deildum og þau látin fara, í fylgd nemenda, um skólann í heimsókn á öll stoðsviðin. Þar fengu þau léttu kynningu á sviðinu ásamt því að þeim var gert að svara þremur spurningum um hvert svið. Álítur kennslusvið að með þessu fyrirkomulagi nái nýnemar að skilja betur þær upplýsingar sem eru mikilvægar ásamt því að það sitji meira eftir í kollinum eftir daginn. SFHR sá um aðkomu nemanda og fannst takast gríðarlega vel til. SFHR telur breytinguna vera af hinu góða og er ánæggt að skólinn sé tilbúinn að umturna því sem úrelt þykir.

Góðgerðavika

Góðgerðavika SFHR var haldin vikuna 1. - 5. febrúar. Í ár var safnað til styrktar áttakinu #útmeða. Meðal viðburða voru góðgerðabingó, góðgerðaspinning ásamt því að vikan endaði á góðgerðapartý-i þar sem m.a. Herra Hnetusmjör kom fram. Happadrættismiðar voru seldir alla vikuna og nokkrir styrkjendur unnu vinning.

Árshátíð HR

Árshátíð HR 2016 var haldin í Valshöllinni laugardaginn 5. mars. Fordrykkur hófst í anddyrinu kl 19:00 og styrkti Ölgerðin árshátíðina um einn sólbært á mann sem framreiddur var í flöskunum. Lauga-ás sá um matinn og barinn og kom með eftirfarandi búnað: borð, borðbúnað, útprentaðar diskamottur, stóla og hvít cover á stólana. Öll samskipti við Guðmund kokk, tengilið okkar við Lauga-ás, voru góð og mælir SFHR hiklaust með veislupjónustunni. Viðburðarfyrirtækið Paxal sá um að bóka Friðrik Dór og Stuðlabandið, ásamt því að sjá alfarið um allt sem tengdist þeim og hljóði á árshátíðinni.

Árshátíðarnefndin sá um að bóka veislustjórana Audda og Steinda sem stóðu sig með þryði. Veislustjórarnir bókuðu Sverri Bergmann sem kom sem leynigestur á árshátíðina - atriðin með honum voru gríðarlega vel heppnuð. Öll nemendafélög tóku þátt í HR-musical keppninni í ár, Markaðsráð, félag viðskiptafræðinema, bar sigur úr bítum með frumsaminn smell. Alls mættu í kringum 720 manns á árshátíðina sem var vel heppnuð í heildina. Frekari upplýsingar um skipulagningu á árshátíðinni má sjá í skýrslu sem árshátíðarnefnd SFHR skrifar.

Landsþing LÍS 2016

Helgina 18. 20.mars hélt SFHR og skipuleggur vorþing Landssamtaka Íslenskra Stúdenta (LÍS). Þingið ber að þessu sinni yfirskriftina „Rannsóknir og Nýsköpun – fjárfesting til framtíðar“. Háskólinn í Reykjavík, sem og SFHR, leggur mikla áherslu á góða rannsóknarvinnu og eflingu nýsköpunarstarfs svo SFHR fannst yfirskriftin tilvalin tenging þingsins við háskólann.

Á Landsþinginu koma saman fulltrúar frá öllum aðildarfélögum yfir heila helgi og verður þingið í ár á Bifröst. Á þinginu er unnin mikilvæg vinna fyrir innra sem og ytra starf LÍS og þannig stuðla samtökin að eflingu háskólasamfélagsins enda gríðarlega mikilvæg rödd stúdenta á Íslandi. Markmið þingsins er að vekja athygli aðildarfélaga LÍS um mikilvægi þess að stuðla að nýsköpun og rannsóknum í háskólum landsins. Einnig að þeir fulltrúar sem mæta á þingið öðlist grunnskilning á því sem felst í nýsköpun og almennum rannsóknum.

Þingið er unnið í nánu samstarfi við Icelandic Startups sem sér fyrir vinnustofum og öðrum verkefnum á þinginu. Meðal fyrirlesara er Einar Gunnar Guðmundsson frá Arion banka, Hannes Högni Vilhjálmsson frá Háskólanum í Reykjavík, Bjarki Þór Grönfeldt frá Háskólanum í Reykjavík og Rannsóknnum og greiningu og Hálf dán Steinþórsson, framkvæmdastjóri GOMobile. Allt er þetta til að móta framtíðarstefnu LÍS í rannsóknum og nýsköpunum ásamt því að brýna fyrir aðildarfélögum mikilvægi þess að efla rannsóknir og nýsköpun í sínum háskólum. Undirbúningur fyrir þingið gekk vel en SFHR lagði mikinn metnað í dagskrá þingsins.

Samstarfssamningar

Íslandsbanki

SFHR skrifaði undir nýjan samstarfssamning við Íslandsbanka á haustönn 2015. Tengiliður Íslandsbanka var settur í samband við tengilið í málfunarfélaginu og aðilar á vegum Íslandsbanka tóku þátt í málfund á vegum málfundarfélagsins.

Atlantsolía

SFHR skrifaði undir áframhaldandi samstarfssamning við Atlantsolíu á haustönn 2015.

Síminn & GOMobile

SFHR skrifaði undir samstarfssamning við Símann og GOMobile á haustönn 2015. Samstarfið gekk mjög vel, en meðal þess sem Símann og GOMobile tóku þátt í eru Ólympíuleikar HR, árshátíð HR og Landsþing LÍS. Á Ólympíuleikunum sá GOMobile um *minute to win it* þraut í Sólinni og gaf kleinuhringi úr kleinuhringjavagninum Gonuts Donuts (Dons Donuts) fyrir utan HR. Í árshátíðarvikunni var GOMobile með lukkuhjól í Sólinni þar sem nemendur gátu unnið GOMobile inneign, ýmsan varning og miða á árshátíðina. Á Landsþingi LÍS heldur framkvæmdastjóri GOMobile, Hálf dán Steinþórsson, fyrirlestur sem ber yfirskriftina *Frá hugmynd að framkvæmd*.

LÍN þjónustusamningur

Á haustmísserum skrifaði stjórn SFHR undir þjónustusamning við LÍN en þetta er í fyrsta sinn sem slíkur samningur er gerður við LÍN í þágu félagsmanna SFHR. Í samningnum felst að SFHR veiti þeim námsmönnum sem leita til SFHR aðstoð vegna umsóknar eða lántökuferli þeirra hjá LÍN. Jafnframt skal SFHR veita þeim lánþegum sem þess óska viðeigandi upplýsingar sem SFHR fær frá sjóðnum. Stjórn SFHR ábyrgist gagnvart stjórn LÍN að upplýsingarnar sé veittar af fagmennsku og á hlutlægan hátt. Gjaldtaka vegna þjónustunnar er með öllu óheimil og er fullum trúnaði heitið.

Þjónustan er veitt á skrifstofu SFHR (M205) og er aðgengileg kl 10:00 – 13:00 alla virka daga ársins, utan venjulegra sumar-, jóla- og páskaleyfa. Einnig er hægt að senda tölvupóst á studentafelag@studentafelag.is ef einhverjar spurningar vakna.

Markmið SFHR með samstarfinu er:

- Veita námsmönnum aðstoð sem leita til SFHR vegna umsóknar eða lántökuferli þeirra hjá LÍN.
- Auka almannavitund og upplýsta samfélagsumræðu um málefni LÍN.
- Einfalda nauðsynleg samskipti hvað varðar umsóknir, afgreiðslur og endurgeiðslu námslána, upplýsingagjöf eða aðra hagsmuni námsmanna og stefnu sjóðsins.
- Veita þeim lánþegum sem þess óska viðeigandi upplýsingar sem SFHR fær frá sjóðnum.
- Veita almenna fræðslu um hlutverk og starfsemi sjóðsins á rafrænum vettvangi.
- Auglýsa umsóknarfresti um námslán á skilmerkilegan hátt fyrir félagsmönnum SFHR að hausti, vori og um sumar, sem og aðra mikilvæga fresti.
- Auglýsa annað sem LÍN vill vekja athygli á, t.d. breytingar á úthlutunarreglum.
- Brýna fyrir félagsmönnum SFHR mikilvægi þess að skrá rétt netfang hjá LÍN.
- Brýna fyrir félagsmönnum SFHR mikilvægi rafrænna samskipta, ekki bara sem lánþegar LÍN heldur jafnframt sem verðandi greiðendur sjóðsins.
- Vera LÍN innan handar og samstarfsfús ef stjórn eða starfsmenn sjóðsins vilja leita til SFHR vegna ýmissa mála.

Aðalskoðun

SFHR skrifaði undir nýjan samstarfssamning við Aðalskoðun á vorönn 2016.

Annað samstarf

Nauthóll & Málið

SFHR fundaði á hvorri önn fyrir sig með framkvæmdastjóra Nauthóls yfir árið. Samstarfið gekk einna helst út á að bæta upplýsingaflæði milli nemenda og starfsfólks Málsins.

Málið tók einnig virkan þátt í árshátíðarvikunni með því að leyfa árshátíðarnefndinni að skreyta matsalinn, vera með öðruvísi mat á boðstólum, gefa afsláttarmiða í Málið með hverjum seldum miða á árshátíðina sem og skaffa bakka af kökubitum sem miðakaupendur gæddu sér á í miðasöluinni. Samstarfið gekk vel og voru samskipti mjög góð.

Austur

Undanfarin ár hefur Austur verið heimabær HR-inga og m.a. hefur verið frír bjór í boði SFHR í klukkustund á fimmtudagskvöldum, gegn framvísun skólaskírteinis. Á skólaárinu 2015-2016 var ákveðið að fara aðra leið, þ.e. að hafa fimmtudagsfjör annan hvern fimmtudag þar nemendafélögin skiptust á að skipuleggja kvöldið. Í boði var bjór á meðan viðburðinum stóð gegn framvísun skólaskírteinis. Kvöldin voru vel sótt í byrjun annar, en þegar leið á skólaárið fóru færri og færri að sækja viðburðina sökum verkefnaanna o.fl. Þetta samstarf þarfnast endurskoðunar.

Heimasíða

Í ár tók SFHR nýja heimasíðu í gagnið. Helstu ástæður þess voru þær að gamla síðan var úrelt með öllu, með úreltum/röngum upplýsingum og reyndist stjórninni erfitt að uppfæra upplýsingarnar á þeirri síðu. Ákveðið var að aðallén síðunnar skyldi vera www.sfhr.is en það hafði áður verið www.studentafelag.is. Síðan fór í loftið 2. nóvember og er hún fullgerð að flestu leyti en þó á eftir að setja inn upplýsingar á ensku. Á síðunni má finna allar helstu upplýsingar um SFHR, félög, nefndir og samstarf við LÍN, svo fátt eitt sé nefnt.

Samfélagsmiðlar

Á árinu stofnaði SFHR sinn eigin Twitter aðgang og tístir þar undir nafninu studentafelagRU. SFHR er með 93 fylgjendur og vonast til að þeim fjölgi. Stúdentafélagið var einnig mjög virkt á Facebook en til gamans má geta að meðalsvartími skilaboða var 5 mínútur og var 100% skilaboða svarað. Facebook, ásamt tölvupóstum, er helsti vettvangur félagsins til þess að koma áfram skilaboðum til nemenda. Því var mikil áhersla lögð á að hafa allt efni sem SFHR sendi frá sér bæði á íslensku og ensku. Á hverjum miðvikudegi eftir áramót nýtti stjórnin facebook til þess að kynna eitthvert af þeim frábæru félögum og nefndum sem starfa undir og með SFHR.

Nýtt nemendakerfi

Til stendur að Myschool-kennslukerfið verði tekið úr umferð á næstu tveimur árum. Í staðin verða sett upp tvö kerfi, – annars vegar „nemendaumsýslukerfi“ sem heldur utan um nemendabókhaldið, töluleg gögn, einingar og námsferla nemenda. Hins vegar er ætlunin að kaupa svokallað „kennsluumsýslukerfi“ (Learning Management System) sem verður nýtt í öllum samskiptum nemenda og kennara, til að halda utan um áfanga, kennslu og verkefnaskil. Framkvæmdastjórn HR skipaði verkefnastjórn sem heldur utan um þessa ferla. Sér til ráðgjafar hefur verkefnastjórnin skipað hóp sem samanstendur af kennurum og nemendum við skólann. Einnig var ákveðið að bjóða hingað til lands fulltrúum frá þremur stærstu aðilunum í þessum bransa og komu þeir í HR í janúar og febrúar. Kennararnir eru ágætlega færir um að meta hvaða kerfi hentar þeim best frá þeirra sjónarhorni, en þar sem að nemendur verða helstu notendur kerfisins vantaði þeirra rödd. Taldi SFHR best að fá nemendur utan stjórnar í stýrihópinn. Í hópnum sitja Katrín Mjöll Halldórsdóttir, Jóhanna María Svövdóttir og Einar Páll Gunnarsson.

Kosningar & kjörstjórn

Kosningar í embætti stjórnar SFHR, aðildarfélaga (að Lögréttu undanskilinni) og í ritstjórn Háskólablaðsins Hróðurs fóru fram 8. - 11. mars. Úrslit voru tilkynnt á Stúdentakjallaranum að kvöldi 11. mars.

Kjörstjórn árið 2015 - 2016 skipuðu:

- Indíana Rós Ægisdóttir (Mentes), formaður kjörstjórnar, indiana13@ru.is
- Auðunn Örn Gylfason (Atlas), audunno14@ru.is
- Fanney Hrund Jónasdóttir (SFHR), fanneyj13@ru.is
- Janus Þór Kristjansson (Tvíund), janus14@ru.is
- Kristian Solomon (Markaðsráð), kristian15@ru.is
- Viðar Pétur Styrkársson (Pragma), vidar14@ru.is
- Tinna Dögg Guðlaugsdóttir (Lögrétta), tinnag07@ru.is

Kosningarnar fóru vel fram en óskandi hefði þó verið að fleiri hefðu áhuga á að bjóða sig fram í embætti.

Úrslit voru eftirfarandi:

Atlas

56 skiluðu inn atkvæðum

Embætti	Niðurstöður
Formaður	Vilhjálmur Rúnarsson: 93% Auð atkvæð: 7%
Varaformaður	Svanfríður Birna Pétursdóttir: 96% Auð atkvæði: 4%
Gjaldkeri	Jón Reynir Reynisson: 96% Auð atkvæði: 4%
Ritari	Fjölur Bjarnason: 96% Auð atkvæði: 4%
Skemmtanastjóri	Baldur Geirsson: 96% Auð atkvæði: 4%

Markaðsráð

181 skiluðu inn atkvæðum

Embætti	Niðurstöður
Formaður	Viktor Þór Grönfeldt Steinþórsson: 65% Andri Ingason: 23% Auð atkvæði: 12%
Upplýsingafulltrúi	Viktoría Vasilynka Alfreðsdóttir: 87% Auð atkvæði: 13%
Gjaldkeri	Aron Heimisson: 87% Auð atkvæði: 13%
Nemendaskólafulltrúi	Valgeir Þórðarson: 87% Auð atkvæði: 13%
Málþingsfulltrúi	Ómar Þröstur Hjaltason: 71% Auð atkvæði: 29%
Skemmtanastjóri	Birgir Hlynur Guðmundsson: 90% Auð atkvæði: 10%

Mentes

79 skiluðu inn atkvæðum

Embætti	Niðurstöður
Formaður	Salka Sigurðardóttir: 92% Auð atkvæði: 8%
Varaformaður	Sonja Björg Jóhannsdóttir: 93% Auð atkvæði: 7%
Gjaldkeri	Theodór Kristjánsson: 96% Auð atkvæði: 4%
Ritari	Assa Þorvarðardóttir: 97% Auð atkvæði: 3%
Skemmtanastjóri	Engin framboð bárust í stöðu skemmtanastjóra

Pragma

201 skiluðu inn atkvæðum

Embætti	Niðurstöður
Formaður	Emil Robert Smith: 49% Ómar Sindri Jóhannsson: 31% Auð atkvæði: 20%
Ritari	Jóhanna wium Pálmarsdóttir: 83% Auð atkvæði: 17%
Gjaldkeri	Engin framboð bárust í stöðu gjaldkera
Upplýsingastjóri	Brynja Baldursdóttir: 84% Auð atkvæði: 16%
Skemmtanastjóri	Viktoría Ómarsdóttir: 77% Auð Atkvæði: 23%
Skemmtanafulltrúar (3 stöður)	Helga Sigríður Magnúsdóttir: 84% Brynja Rán Guðmundsdóttir: 84% Auð atkvæði: 16%

Tvíund

270 skiluðu inn atkvæði

Embætti	Niðurtöður
Formaður	Jóhanna María Svövudóttir: 83% Auð atkvæði: 17%
Gjaldkeri	Sigrún Tinna Gissurardóttir: 82% Auð atkvæði: 18%
Upplýsingafulltrúi	Axel Björnsson: 84% Auð atkvæði: 16%
Námskeiðsfulltrúi	Engin framboð bárust í stöðu námskeiðisfulltrúa
Skemmtanastjóri	Unnur Sól Ingimarsdóttir: 84% Auð atkvæði: 16%

Fulltrúi í skemmtinefnd(2 stöður)	Magnús Gunnarsson: 83% Auð atkvæði: 17%
-----------------------------------	--

SFHR

791 skiluðu in atkvæði

HR-listinn: 79%

- Formaður: Rebekka Rún Jóhannesdóttir
- Varaformaður: Skúli Þór Árnason
- Gjaldkeri: Kristinn Guðmundsson
- Hagsmunafulltrúi: Erna Sigurðardóttir
- Upplýsingafulltrúi: Íris Björk Snorradóttir

Auð atkvæði: 21%

Hróður

Engin framboð voru í stjórn Hróðurs.